

Sje þessu haldið föstu sem skilyrði fyrir sölunni, verður afleiðingin að vísu sú, 79
að seinna mun ganga að selja þjóðjarðirnar, með því að ráð má fyrir gjöra, að fæstir 31. marz.
af leiguliðunum muni sem stendur vera færir um að kaupa ábylisjarðir sínar. En það
er hvorttveggja að leiguliðum mun vera hollara að halda landssjóði sem landsdrottinn, en
að fá einstaka menn í hans stað, því að meðan þær eru landssjóðs eign, er þeim borgið
gegn uppfærslu á afgjaldinu, og svo geta þeir og á meðan búizt við því — og um það
er mest vert, — að ættingjar þeirra haldi jörðinni eptir þeirra dag; enda mun það
mikið vafamál, hvort þessi tími, sem nú er, þegar jarðir eru að stíga í verði, sje yfir
höfuð hentugur til, að selja þjóðjarðir að miklum mun. Ráðgjafinn hneygist að þeirri
skoðun, að það muni heppilegast, einnig fyrir landssjóð að selja jarðirnar smátt og smátt
leiguliðunum.

Í því, hversu alþingi hefir tekið í málið, þykist ráðgjafinn og sjá enn frekari
ástæðu til, að víkja eigi frá skoðun sinni um, með hverjum kjörum og á hvern hátt
þjóðjarðasalan eigi fram að fara. Í þessu tilliti skal þess fyrst getið, að þá er alþingi
1879 samþykkti ályktun, er miðaði til að undirbúa þjóðjarðasöluna, þá var í þeirri
þingsályktun gjört ráð fyrir að selja ábúendum, og þessari skoðun hefir stjórnin síð-
an fylgt í frumvarpi sínu; en þar næst skal bent til þess, að það sjest af umræðunum
á alþingi í fyrra, að skoðanir hafa verið mjög deildar um það, hvort rjett væri að víkja
nú frá þessari reglu, og yfir höfuð um efni lagafrumvarpsins, og virðist svo sem orsök-
in til þess, að frumvarpið var samþykkt samhljóða í báðum deildum, hafi fremur verið
sú, að menn óskuðu að binda sem bráðastan enda á málið, heldur en hitt, að menn hafi
verið ásáttir um kosti hvers einstaks atriðis í því. En þar sem það er svo þýðingar-
mikið fyrir landið, að máli þessu verði heppilega til lykta ráðið, virðist ráðgjafanum alt
minna um það vert, hvort fullnaðarúrslit verði á því tveim árum fyrr eða síðar.

Loks ætlar ráðgjafinn, að það verði að viðurkennast, að lagafrumvarp um sölu
á þjóðjörðum ætti helzt að vera undirbúið af stjórninni og lagt fyrir þingið af henni;
en slíkt verður að eins að minnstu leyti sagt um frumvarp það, er hjer er um að
ræða.

Með því að ráðgjafinn af tjeðum ástæðum eigi hefir þótt geta ráðið til, að
frumvarp það, er hjer um ræðir, verði staðfest sem lög, hefir hann allra-þegnlegast
lagt það til, að því yrði synjað um allrahesta staðfestingu, og á þá tillögu hefir því-
næst hans hátign konunginum þóknast. allra-mildilegast að fallast 17. p. m.

Um leið og jeg tjái yður, herra landshöfðingi, það er að ofan greinir, til þókn-
anlegrar leiðbeiningar, skal þess jafnframt getið, að ráðgjafinn hefir í huga að leggja
mál það, er frumvarpið hljóðaði um, á ný fyrir alþingi það, er saman kemur 1883.
Efni þessa brjefs skora jeg þjónustusamlega á yður að kunngjöra almenningi með því
að taka það upp í B-deild stjórnartíðindanna.

Reikningar.

(Framhald frá bls. 80).

Búnaðarskólagjald í vesturamtinu 1880.

Tekjur.

Kr. A.

1. Eptirstöðvar við árslok 1879:

kr. a.

a. Í veðskuldabriefum

4550 "

Fyt 4550 "

	kr. a.	Kr. A.
Flutt	4550 "	
b. Óborgaðir vextir	8 "	
c. Óborgað búnaðarskólagjald	171 39	
d. Í peningum	202 01	4931 40
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins		185 18
3. Búnaðarskólagjald 1880		638 93
4. Innborguð lán á árinu		850 "
5. Móti gjaldlið 1. færast til jafnaðar		950 "
	Tekjur alls	7555 51

Gjöld:

1. Lánað út mót veði og 4% vöxtum	950 "
2. Móti tekjulið 5. færast til jafnaðar	850 "
3. Eptirstöðrar við árslok 1880:	
a. Í veðskuldaþrjefum	4650 "
b. Óborgaðir vextir	16 "
c. Óborgað búnaðarskólagjald	248 40
d. Í peningum	841 11
	Gjöld alls 7555 51

EMBÆTTASKIPUN OG LAUSN.

29. aprílmánaðar þóknadist hans hátign konunginum allra mildilegast að skipa kandidat frá lækna skólanum í Reykjavík Jón Sigurðsson Johnsen til að vera hjeraðslækni í 12 læknishjæraði.

8. maí var umboðsmanni Möðruvallaklaustursjarða Þorsteini dnbgrsm. Daníelssyni fyrir aldurs sakir og lasleika veitt lausn frá umboðinu.

10. maí var prestinum að Rafnseyri í Vestur ísafjarðarprófastsdæmi síra Jóni Ásgeirssyni veitt lausn frá embætti með 430 kr. árseptirlaunum úr landssjóði.

S. d. var prestinum í Saurbæjarþingum í Dalaprófastsdæmi síra Jóni Thorarensen veitt lausn frá embætti með 190 kr. árseptirlaunum.

11. maí var presturinn að Kirkjubólspingum, síra Eyjólfur Jónsson skipaður prestur að Mosfelli í Grímsnesi í Arnessprófastsdæmi.

NAFNBÓT.

29. dag aprílmánaðar var hans hátign konunginum send allraþegnlegust skýrsla um, að fyrrverandi landlæknir Dr. með Jón Hjaltaín, R. D. og dnbgrsm., hefði sagt af sjer etatsráðsnafnbót þeirri, er honum hafði verið veitt með lögtign í 3. flokki 9. málslíð nafnbóta tilskipunarinnar.

KONSÚLAR SKIPAÐIR.

17. dag aprílmánaðar þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að játa og samþykkja Gustav Hegardt sem sœnsk-norskan generalkonsúl fyrir alla Danmörk að meðtöldu Íslandi og með aðsetri í Kaupmannahöfn.

4. dag maímánaðar þóknadist hans hátign konunginum að játa og samþykkja W. G. Spence Paterson brezkan konsúl fyrir Ísland með aðsetri í Reykjavík.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Umboð Möðruvallaklaustursjarða í Norðlendingafjórðungi, og hefir umboðsmaður haft í laun sjöttung ($\frac{1}{10}$ eða $16 \frac{2}{3}\%$) af jarðagjöldum þeim, er hann hefir innheimt. Bónarþrjef um umboð þetta eiga að stílast til landshöfðingja, en sendast amtmanninum yfir norður og austurumdæminu fyrir 10. júlí þ. á.

Prestaköll þessi: Kirkjubólsping, Kirkjuból og Unaðsdalssóknir í Norður ísafjarðarprófastsdæmi. Metið 813 kr. 98 a. Auglýst 11. maí. Þessu brauði leggjast samkvæmt lögum 27. febr. 1880 200 kr.

Rafnseyri, Rafnseyrar og Álptamýrarsóknir í Vestur ísafjarðarprófastsdæmi. Metið 944 kr. 50 a. Auglýst 11. maí.

Gufudalur, Gufudalssókn í Barðastrandarprófastsdæmi. Metið 518 kr. 81 e. Auglýst 27. maí. Samkvæmt lögum 27. febr. 1880 leggjast brauði þessu 200 kr.